

UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Fyrirspurn **Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins** vegna lóða og byggingarrétta (US220033)

Á fundi skipulags- og samgönguráðs dags. 09.02.2022 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn US220033 sem var vísað til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skipulagsfulltrúa:

1. Hafa olúfélögin og þau félag sem fengu gefins lóðir í bensínstöðvasamningnum kynnt fyrir skipulagsyfyrvöldum hugmyndir sínar að uppbygginu á lóðunum og tillögur að breyttu deiliskipulagi?
2. Hvenær er áætlað að hefja vinnu við deiliskipulagsgerð þessara lóða?
3. Hvenær er áætlað að deiluskipulagsgerð lóðanna ljúki?

Lóðirnar sem um ræðir eru:

- a) Álfheimar 49
- b) Álfabakki 7
- c) Egilsgata 5
- d) Ægisíða 102
- e) Hringbraut 12
- f) Stóragerði 40
- g) Skógarsel 10
- h) Elliðabraut 2
- i) Rofabær 39
- j) Birkimelur 1
- k) Skógarhlíð 16
- l) Suðurfell 4.

1. Hafa einhverjir aðilar sem sjá um minjavernd átt í viðræðum við Reykjavíkurborg vegna mannvirkja á einhverri þessara lóða?
2. Ef svo er hvaða stofnun hefur gert athugasemdir?
3. Ef svo er - mannvirki á hvaða lóðum er um að ræða?
4. Ef svo er - hefur viðkomandi stofnun minjaverndar óskað eftir að fyrirhugað niðurrif verði stöðvað?



Svar:

Samningar milli Reykjavíkurborgar annarsvegar og félaganna Orkunnar, Dællunnar, Löðurs, Festar, Krónunnar, Enn eins (N1), Skeljungs, ÓB, Ólís, Atlantsolíu og Haga hinsvegar, liggja fyrir vegna fyrirhugaðrar íbúða- og þjónustuuppbyggingar á núverandi bensínafgreiðslulóðum. Áformuð uppbygging byggir á rammksamkomulagi sem kveður á um breytingar á aðstöðu eldsneytisstöðva eða að sölu orkugjafa sé hætt.

Væntanleg deiliskipulagsvinna tekur mið af sýn AR2040 og nánasta umhverfi hverrar lóðar.

1. Einungis ráðgjafi á vegum N1 hefur í samvinnu við verkefnastjóra hjá embætti skipulagsfulltrúa hafið undirbúning að deiliskipulagsvinnu vegna bensínafgreiðslulóða, einungis á einni lóð, nr. 102 við Ægisíðu. Síðsumars í fyrra hélt sami ráðgjafi yfirlitskynningu fyrir verkefnastjórum á skrifstofu skipulagsfulltrúa þar sem gert var almennt grein fyrir hugmyndum á uppbygginu innan lóða N1. Engin ákvörðun var tekin á fundinum varðandi efnistöð og umfang uppbyggingar á lóðunum eða dagsetningar ákveðnar er varða upphaf deiliskipulagsvinnu.
2. Engin deiliskipulagsvinna er hafin á bensínafgreiðslulóðum að undantekinni lóð nr. 102 við Ægisíðu. Ekki liggur fyrir nein formlegu áætlun um hvenær deiliskipulagsvinna hefst við aðrar bensínafgreiðslulóðir, þ.á.m. ofangreindar lóðir sem taldar eru upp að ofan í fyrirsögninni.
3. Ekki liggur fyrir áætlun hvenær deiliskipulagsgerð ofangreindra lóða lýkur.

Aðkoma Minjastofnunar Íslands vegna væntanlegrar uppbyggingar á bensínafgreiðslulóðunum:

1. Fulltrúar frá Minjastofnun Íslands óskuðu í nóvember sl. eftir því að fá að ræða við fulltrúa frá skrifstofu skipulagsfulltrúa og Borgarsögusafns Reykjavíkur vegna uppbyggingaráforma á bensínafgreiðslulóðunum, m.a. lóð nr. 102 við Ægisíðu.
2. Minjastofnun Íslands.
3. Rekja má upphaf á aðkomu Minjastofnunar Íslands vegna núverandi byggingar á lóð nr. 102 við Ægisíðu þegar byggingarfulltrúi vísaði í fyrrasumar erindi til embættis skipulagsfulltrúa er varðaði umsókn á niðurrifi skyggis yfir olíudælunum. Undirrituðum verkefnastjóra var falið að svara erindinu. Við vinnslu á afgreiðslu erindisins var fyrirspurn send til sviðsstjóra umhverfis- og skipulags hjá Minjastofnun Íslands og óskað eftir afstöðu stofnunarinnar.

Skipulagsfulltrúi gat ekki fallist á óskir lóðarahafa þar sem ekki lágu fyrir skýrar uppbyggingaráætlanir á lóðinni og því ekki hægt að verða við óskum um niðurrif á núverandi húsnæði, að hluta eða öllu leyti. Í umsögninni stóð ennfremur að skipulagsfulltrúi mundi endurskoða afstöðu þessa þegar skýrar áætlanir lægju fyrir um uppbyggingu á lóðinni.

4. Skipulagsfulltrúa er ekki kunnugt um annað niðurrif en viðgerð á skyggni á lóð nr. 102 við Ægisíðu sem að sögn lóðarahafa stendur til að endurbyggja í upprunalegri mynd. Skipulagsfulltrúa er ekki kunnugt um hvort Minjastofnun Íslands hafi óskað eftir því að niðurrifið yrði stöðvað.

f.h. skipulagsfulltrúa
Ingvar Jón Bates Gíslason, arkitekt